

## Aðalfundur Foreldrafélags Heiðarskóla

Mættir voru á aðalfundinn úr stjórn Foreldrafélags Heiðarskóla: Kristján Geirsson, Ragnheiður Garðarsdóttir, Magnús Andrésdóttir, Davíð Heimisson, Arnar Stefánsson, Inga Brynja Magnúsdóttir og Helga Erla Albertsdóttir.

Heiðarskóli 20. maí 2019 kl. 20:00. Aðalfundur

---

### Dagskrá aðalfundar:

1. Fundur settur
2. Kosning fundarstjóra
3. Kosning fundarritara
4. Skýrsla stjórnar
5. Skýrsla gjaldkera
6. Lagabreytingar
7. Kosning nýrrar stjórnar og skoðunarmanna reikninga
8. Önnur mál

#### 1. Fundur settur

Aðalfundur Foreldrafélags Heiðarskóla var settur af formanni foreldrafélagsins Kristjáni Geirssyni.

#### 2. Kosning fundarstjóra

Ragnheiður Garðarsdóttir var kosin fundarstjóri.

#### 3. Kosning fundarritara

Helga Erla Albertsdóttir var kosin fundarritari.

#### 4. Skýrsla stjórnar

Kristján Geirsson formaður Foreldrafélags Heiðarskóla fór yfir ársskýrslu stjórnar foreldrafélagsins skólaárið 2018 - 2019 og gerði grein fyrir störfum stjórnarinnar.

#### 5. Skýrsla gjaldkera

Magnús Andrésdóttir gjaldkeri Foreldrafélags Heiðarskóla fór yfir rekstrarreikning félagsins skólaárið 2018-2019. Tilnefndir skoðunarmenn Gísli A Jónasson og Elísabet Björnsdóttir hafa yfirfarið rekstrarreikninginn skólaársins 2018 - 2019 og samþykkt með undirritun sinni.

Rekstrarreikningur Foreldrafélags Heiðarskóla skólaárið 2018 - 2019 var borinn upp til samþykktar á aðalfundinum og var hann samþykktur af öllum aðilum fundarins.

#### 6. Lagabreytingar á lögum félagsins.

Engar breytingar á lögum félagsins.

#### **7. Kosning stjórnar og kosning skoðunarmanna reikninga**

**Stjórn:** Aðilar í stjórn Foreldrafélags Heiðarskóla skólaárið 2018 - 2019 voru Kristján Geirsson, Ragnheiður Garðarsdóttir, Magnús Andrésdóttir, Davíð Heimisson, Inga Brynja Magnúsdóttir, Arnar Stefánsson og Helga Erla Albertsdóttir. Aðilar í stjórninni bjóða sig aftur fram. Engar aðrar tillögur komu fram um breytingu eða viðbætur í stjórn og var samþykkt að stjórn Foreldrafélags Heiðarskóla yrði áfram óbreytt.

**Skoðunarmenn:** Samþykkt var að skoðunarmenn reikninga yrðu Gísli A. Jónasson og Elísabet Lovísa Björnsdóttir.

#### **8. Önnur mál**

Á aðalfund Foreldrafélags Heiðarskóla mættu eingöngu 3 foreldrar auk stjórnarinnar og þykir stjórn það miður hve dræm þátttaka foreldra er.

Aðalfundi var slitið kl 20:45.